

# Morgunblaðið

STOFNAÐ 1913

ÚTGEFANDI: Árvakur hf., Reykjavík.  
FRAMKVÆMDASTJÓRI: Hallgrímur B. Geirsson.  
RITSTJÓRAR: Matthías Johannessen,  
Styrmir Gunnarsson.

## ÁREIÐANLEIKI FJÖLMIÐLA

Í Morgunblaðinu í gær var skýrt frá niðurstöðum nýrrar könnunar, sem Gallup hefur gert um áreiðanleika fréttamiðla. Samkvæmt þessari könnun telja 83,4% þeirra, sem spurðir voru, að Morgunblaðið sé áreiðanlegur fjölmiðill. Athyglisvert er, að þeim hefur fjölgað verulega á einu ári, sem eru þessarar skoðunar. Í sambærilegri könnun, sem gerð var fyrir ári, töldu 78,4%, að Morgunblaðið væri áreiðanlegur fréttamiðill.

Í þessari könnun eins og öðrum, sem gerðar hafa verið um sambærilegt efni, kemur fram, að flestir telja, að ríkisfjölmiðlarnir séu áreiðanlegir fréttamiðlar. Ríkisútvarpið að mati 94,1% þeirra, sem spurðir voru, og ríkissjónvarpið að mati 93% þátttakenda í þessari könnun.

Þessi munur á Morgunblaðinu og ríkisfjölmiðlunum kemur ekki á óvart. Fólk hefur ríka tilhneingingu til að líta svo á, að ríkisfjölmiðlarnir séu algerlega hlutlausir og hafnir yfir deilur og átök í þjóðfélaginu. Þeir lýsa heldur engum skoðunum á mönnum og málefnum. Morgunblaðið tekur hins vegar dag hvern afstöðu til þeirra mála, sem efst eru á baugi hverju sinni og lýsir skoðunum sínum, sem menn eru sammála eða ósammála eftir atvikum.

Þegar horft er til þessa svo og hins að Morgunblaðið hefur í áratugi verið í miðju þjóðfélagsátaka, sem stundum hafa verið gífurlega mikil og djúpstæð, er það ánægjulegur vitnisburður fyrir blaðið, að svo stór hluti þjóðarinnar skuli líta svo á, að blaðið sé áreiðanlegur fréttamiðill. Þetta er áreiðanlega m.a. árangur af þeirri miklu áherzlu, sem blaðið hefur um langt skeið lagt á að fara rétt með staðreyndir og biðjast óhikað afsökunar, ef um ranghermi er að ræða. Jafnframt hefur Morgunblaðið talið miklu skipta að blanda á engan hátt saman fréttalutningi og skoðunum. Þær skoðanir, sem Morgunblaðið setur fram, birtast einvörðungu í ritstjórnargreinum, þ.e. í forystugreinum og Reykjavíkurbrefum, en þeim er aldrei blandað saman við fréttir blaðsins.

Auk þessa má ætla að sú stefna blaðsins að vera opin vettvangur fyrir skoðanaskipti fólksins í landinu, og gildir þá einu hvar í flokki menn standa, eigi líka ríkan þátt í því að yfirgnæfandi meirihluti landsmanna lítur á blaðið sem áreiðanlegan fjölmiðil. Stundum reynir mjög á þolrifin í sambandi við birtingu greina eftir einstaklinga utan blaðsins. Í nafni tjáningarfræslis leitast Morgunblaðið hins vegar við að teygja sig eins langt og nokkur kostur er í mati á því hvað telst birtingarhæft. Um það verða menn aldrei sammála. Sumum finnst ritstjórn Morgunblaðsins ganga of langt í þessum efnum, aðrir telja, að ekki sé nógu langt gengið.

Kjarni málsins er þó sá, að almenningur á Íslandi hefur sannfærzt um, að hvað sem líður stjórnmalaskoðunum eigi fólk greiðan aðgang að því að koma skoðunum sínum á framfæri á síðum Morgunblaðsins. Þessi opna blaðamennska á áreiðanlega sinn þátt í því að tæplega 84% landsmanna líta á Morgunblaðið sem áreiðanlegan fréttamiðil.

## UMRÆÐUHÆTTIR Á ÍSLANDI

Það er svo annað mál, að þeir sem taka þátt í opinberum umræðum m.a. með skrifum í Morgunblaðið mættu gjarnan líta í eigin barm og spyrja sjálfa sig, hvort það þjóni málstað þeirra ekki betur að temja sér meiri hófsemi í orðum. Stóryrðin í aðsendum greinum og bréfum til blaðsins hafa aukizt á seinni árum. Greinahöfundar ganga lengra en áður í gagnrýni og beinum árásum á nafngreinda einstaklinga.

Er þetta nauðsynlegt? Getur fólk ekki skiptzt á skoðunum á málefnalegan hátt án þess að hafa uppi gífurlyrði og eitruðar athugasemdir um náungann? Auðvitað ná þeir mestum árangri, sem takast á við andstæðinga sína um málefni en ekki með persónulegu skítkastríði.

Þótt Morgunblaðið gangi langt í birtingu aðsendra greina í nafni tjáningarfræslis er það vissulega ósk ritstjórnar blaðsins að greinahöfundar gæti meira hófs í orðum en þeir hafa gert um skeið.



FERÐAMENN í heimsókn á Listasafni Íslands gaumgæfa bækur um íslenska myndlist.

# Íslenskur sumarkokk- teill að hætti listasafnanna

Í hinum stóru listasöfnum höfuðborgarinnar, Listasafni Íslands og Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum, hafa nú verið opnaðar sumarsýningar sem ætlað er að gefa nokkra mynd af þróun íslenskrar myndlistar með sýnishorni af verkum í eigu safnanna frá ýmsum tímabilum, allt frá lokum síðustu aldar til verka síðustu ára. **Huldu Stefánsdóttur** lék forvitni á að heyra álit safngesta á því sem þar ber fyrir augu.


**H**VAÐ þýðir þetta „án titils“? spyr finnsk ferðakona blaðamann þar sem hún situr ásamt vinkonu sinni fyrir framan einni sýningarsalinn í Listasafni Íslands. „Þetta stendur svo víða við verkin.“ Og Eila Pikás og Kyllikki Matikainen eru sammála um að merkingarnar við verkin mættu líka vera á ensku. Þar sem þær sátu og tuggðu karamellur sér til hressingar veltu þær fyrir sér öllum þessum titillausu verkum á efri hæð safnsins - komust að þeirri niðurstöðu að þau væru helst til of framúrstefnuleg fyrir þeirra smekk. „En 10 daga dvöl okkar á Íslandi hefur í einu orði sagt verið stórkostleg. Þetta er fallett land eins og landslagsmálverkin gömlu endurspeglar en það eru tvímælalaust þau verk hér á sýningunni sem höfða mest til okkar,“ sagði Kyllikki.

Þeir gestir sem rætt var við í heimsókn á sumarsýningu Lista-

safns Íslands virtust allir á sama máli og þær finnsku. „Það gefur landslagssýn íslenskra listmálara enn meira vægi að hafa ferðast um landið og upplifað móttíf þeirra með eigin augum,“ segir Jane Connell frá Englandi. „Svona er Ísland,“ bætir hún við og bendir á málverk Kjarvals af Mosa við Vífilfell. Safnið leitast þó við að gefa heilsteypari mynd af íslenskrari myndlistarsögu en svo að sýna einungis verk frumherjanna. Sýningunni er skipt niður í fjögur tímabil og í fyrsta salnum er að finna dæmi um náttúrurómantik málara sem lögðu grunninn að íslenskrari landslagshéð, eins og Þórarinn B. Þorláksson, Ásgrímur Jónsson, Jón Stefánsson, Jóhannes S. Kjarval, Júlíana Sveinsdóttir, til ljóðræns raunsæis Gunnlaugs Blöndals, Gunnlaugs Scheving og Snorra Arinbjarnar ásamt áhrifum expressíónismans, ekki síst í verkum Finns Jónssonar. Þó að málverkið



Í SAL abstrakt verka frá um 1950 til 1970. Menn m.a. verk eftir Finn Jónsson.



MEDAL þess sem er að finna á sýningu tugnum er myndir af Einar Jónsson, Nínu Sæmundsson og Ásmund Sveinsson sem leiðir gesti fram til abstraktlistar ásamt Gerði Helgadóttur og Sigurjóni Ólafssyni, og óumdeilanlegum forvígismanni stefnunnar hér á landi Svavari Guðnasyni. Frá fulltrúum geometríunnar, Þorvaldi Skúlasyni og Karli Kvaran snúast áherslur til hins ljóðræna abstrakts í verkum Guðmundu Andrésdóttur, Nínu Tryggvadóttur, Jóhannesar Jóhannessonar og Kristjáns Guðmundssonar. „Ég hafði satt best að segja ekki gert mér grein fyrir hvað við eigum mikið af stórgóðum myndlistarmönnum,“ segir Sjöfn Lárusdóttir sem hefur búið í Danmörku frá 18 ára aldri og var sér lítt meðvitandi um íslenska listasögu þar til nú að